

Hvernig Flateyri?

Dagskrá íbúafundings

Föstudagur, 3. september

kl. 18.00-20.00 - Hugarflugsfundur og upphitun.

Þemu helgarvinnunar valin og tilkynnt í lok kvöldsins. Umræðustjórar valdir fyrir hvert þema og gert ráð fyrir að hver umræðustjóri verði með eitt þema á sinni könnu alla helgina. Umræðustjórar stjórna umræðum og eru ritarar.

Valið byggir á:

- Verkefnum sem hlotið hafa styrk úr Þróunarsjóði Flateyrar.
- Hugmyndavinnu Flateyringa sem fram fór á samráðsgáttinni Betra Ísland fyrr á þessu ári.
- Öðrum hugmyndum sem kunna að koma fram á staðnum.

Yfirlit yfir verkefnið er að finna á vinnuborði íbúafundingsins sem er [opið öllum hér](#).

Laugardagur 4. september

Kl. 10.00 - 10.15 - Setning íbúafundings.

Kl. 10.15 - 10.30 – Viðfangsefni (þemu) helgarinnar kynnt.

Kl. 10.30 - 12.00 – **Umræðuhópar – 1. hluti** - Umræðustjórar fara á milli borða - allir hóparnir fjalla um öll þemun. Umræðustjórar eru sérhæfðir í sínu þema og fara á milli borðanna, þátttakendur sitja í sínum hópum í fyrstu umferð. Skipting í hópa verður tilviljanakennd í fyrstu umferð. Í seinni umferðinni velja þátttakendur hóp til að vinna í.

Kl. 12.00 - 13.00 – Hádegismatur

Kl. 13.00 - 16.30 – **Umræðuhópar 2. hluti - Sérfræðingahópar**. Þátttakendur á íbúafundinu velja sig inn í umræðuhópa eftir þemum. Umræðustjórar stýra sínu þema.

Hver sérfræðihópur tekur eitt þema og fer í gaumgæfilega í gegnum hugmyndavinnu hópanna og semja verkefnalýsingu sem hæfir þeirri framtíðarsýn sem hópurinn mótar. Mælanleg markmið verkefna þurfa að koma fram. Móta texta eins og hægt er.

- Hver er upphafsstaðan?
- Hvert er markmiðið? Mælanleg markmið.
- Framtíðarsýn.

Kl. 16.30 - 17.00 – Samantekt og skipulagning sunnudags. ****Meta þörf á áframhaldandi umræðum á sunnudag. Mögulega halda einhverjir hópar áfram á sunnudag en það verður valkvætt.**

Kl. 19.30 - 23.00 – Kvöldverður og skemmtun á Vagninum / Samkomuhúsi

Sunnudagur 5. september

Kl. 11.00 - 17.00 – Áframhald á sérfræðingahópastarfi ef það er metið nauðsynlegt af þinginu og áhugi er fyrir því.

Fundarstjóri: Krístrún Lind Birgisdóttir

Framkvæmdastjórn: Hjörleifur Finnsson, Sunna Reynisdóttir, Eyjólfur Karl Eyjólfsson, Kári Harðarson og Guðmundur Marteinn Ásgeirsson

Dagskrá - Íbúafundur Önundarfjarðar

***Með fyrirvara um breytingar á tímasetningum eftir því sem fram vindur. Verkefnin ráða för!*